

Fjallskilanevnd Hörgárbyggðar vill vekja sérstaka athygli á eftirfarandi atriðum, sem hún ákvarðaði um á fundi sínum 22. ágúst 2008 er varða fjallskil og annað þeim tengt á komandi hausti. Feitletruð atriði fela í sér breytingar frá því sem almennt hefur viðgengist í sveitarfélaginu.

1. Þar sem ekki hefur tekist að breyta, Fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélög á svæði Héraðsnefndar Eyjafjarðar, til að bregðast við dómi Héraðsdóms Norðurlands Eystra frá 19. mars 2008, varðandi álagningu fjallskila á landverð jarða. ***Ákvarðar fjallskilanevnd að ekki verði lögð gangnadagsverk á land í Hörgárbyggð haustið 2008.***
2. Varðandi flutning úrtínings á komandi hausti. Í Fjallskilasamþykkt Eyjafjarðar segir um réttahald í 28. gr. „Úrtíningsfé úr aukaréttum skal rekið eða flutt til aðalréttar, af mönnum sem sveitarstjórn hefur til þess kvatt. Einnig getur sveitarstjórn ákveðið að draga upp í hverri rétt”. ***Fjallskilanevnd samþykkir að dregið skuli upp á hverri auka- og heimarétt í sveitarfélaginu og ber réttarstjórum að tilkynna um aðkomufé til eiganda innan Hörgárbyggðar, sem ber þá að sækja sitt fé. Sé um utansveitarfé að ræða skal tilkynna það til eiganda eða fjallskilastjóra viðkomandi fjallskiladeildar í Hörgárbyggð. Sami háttur verður hafður á er varðar fé úr Hörgárbyggð, sem kemur fyrir í skilaréttum í nágrannasveitarfélögum og undanfarin ár, kostnaður við það verður greiddur úr sveitarsjóði.***
3. Fjallskilanevnd minnir á, að enn er full þörf fyrir að vera á varðbergi gagnvart riðusmiti svo og öðrum sauðfjársjúkdómum og hafa beri fulla aðgæslu með alla flutninga á búfé, heyi, landbúnaðartækjum og öðru því, sem smit gæti borist með. Leita ætti álits og samþykkis Héraðsdýralæknis, ef menn hafa hug á að kaupa sauðfé úr öðrum sveitarfélögum.

F.h. fjallskilanefndar: